

# Þróunarsjóður innflytjendamála 2014

**Styrkþegi:** Móðurmál, samtökin um móðurmálskennslu tvítyngdra barna

**Verkefni:** Þróun móðurmálskennslu og starfa samtakanna Móðurmál

## **Samantekt:**

Markmið verkefnisins var að festa stöðu samtakanna Móðurmál í íslensku samfélagi sem regnhlífarsamtaka margra móðurmálshópa, sem samstarfsaðila stofnanna (Velferðarráðuneytið, Reykjavíkurborg, sveitarfélög, foreldrafélög, menningarstofnanir, alþjóðlegar stofnanir), sem málsvara móðurmálshópa, foreldra barna af erlendum uppruna og sem miðstöð fræðslu og endurmenntun tengdri móðurmálskennslu.

Starf samtakanna Móðurmál hefur víðtækt gildi fyrir hundruð barna og þeirra fjölskyldna, og fyrir samfélagið sem þau búa í. Móðurmálskennsla hefur djúpt menntunargildi fyrir fjöltyngd börn, sem og forvarnagildi í mörgum tilvikum. Kostir virks tvítyngis eru vel þekkt og útlustuð í skólalögum, stefnum Reykjavíkur, sem og rannsóknum (Jim Cummins, James Banks, Ellen Bialystok, Birna Arnbjörnsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir o.fl.).

Samtökin Móðurmál hafa starfað í meira en 20 ár, en síðustu árin einkennast af fjöldun nemenda, hópa og verkefna og af vaxandi sýnileika og starfsemi. Til að koma til móts við vaxandi kröfur samfélagsins, þurfa samtökin þróa sitt innra starf sem og veita þá þjónustu sem þau standa fyrir, á faglegan hátt. Þeir sinna sameiginlegum verkefnum, i.e. menningar- eða fræðsluverkefnum, útvega námsefni og bækur á sínum málum, sinna foreldrasamstarfi og kennarafræðslu í samræmi við Móðurmál.

Í stuttu máli hefur verkefni snýst um fræðslu og samstarf. Í október 2015 skipulagði Móðurmál tveggja daga metnaðarfulla ráðstefnu og smiðju fyrir síma móðurmálskennara sem var einnig opin áhugasömum gestum. Í gegnum allt ár 2015 sinnti móðurmál menningarstarfsemi og tók þátt í fjölmörgum verkefnum og hátíðum. Samstarfsaðilar eru flestir óbreyttir í gegnum árin, en það bætast einnig nýjir samstarfsaðilar og hugmyndir til framtíðar.